| Kassanr. | | Tímabil | Efni | |
|---|---|---|---|---|
| G- 13 | /1 | - | Guðmundur G. Sigurðsson, Gufudal: Grafskriftir Helga biskups Thordersen og sr. Sig. S. Sivertsens. Tvíblöðungur. (Prenthandrit?). Hannes Hafstein: Dettifoss (kvæði), dönsk þýðing. Tvíblöðungur, stimplað: J.C. Rambusch, Oberstlt. af Ingeniørkorpset. Úr fórum Davíðs Stefánssonar. | |
| G- 13 | /2 | - | Sagan af Adoníusi kongi hinum frækna, skrifuð árið 1879 (-1880). Handritið er ættað frá Hróastöðum í Fnjóskadal, enda stendur nafn Ólínu Tómasdóttur á titilblaðinu. Afhent af frú Aðalheiði Benediktsdóttur Oddeyrargötu 11 Akureyri. | 20,5 x 17 cm. ib. 150 tölus. bls., lasið. |
| G- 13 | /3 | - | Bændaglíman eftir Grím Thomsen (uppskrift). Möðrufellssálmur. Ort hefur Benedikt Ívarsson. Pólitískt gamankvæði, höfundarlaust. Myndir: Tangs-verslun, Ísafirði (auglýsing), Kexmangaravígið í Vestmannaeyjum jafnað við jörð, - og Dyrhólagatið mælt, ljósmyndir af blýantsteikningum. Úr fórum Jakobs Ó. Péturssonar. | |
| G- 13 | /4 | 1820- 1822 | Almanök 1820 og 1822, handskrifuð. Úr fórum Jakobs Ó. Péturssonar. | 8,5 x 5,5 cm. heft. |
| G- 13 | /5 | 1865- 1875 | Bréf, reikningar o.fl. til Eggerts Gunnarssonar (ca. 1865-1875).<br>Bréfritarar:<br>Geir Gunnarsson<br>Guðmundur Brynjólfsson, Mýrum<br>Björn Jónsson ritstjóri Akureyri<br>Benedikt Árnason Gautsstöðum<br>B. Blöndal Hvammi, Vatnsdal<br>Friðbjörn Steinsson Akureyri<br>Jón Kristjánsson Steinnesi<br>Páll Magnússon Kjarna<br>Sigurgeir Jakobsson Grund<br>Tryggvi Gunnarsson<br>Det danske Fiskeriеselskab | |
| G- 13 | /6 | 1908- 1949 | Dagbækur Péturs Ólafssonar á Hranastöðum 1908-1949 (vantar mörg ár inn í). Að auki nokkrar öfugmælavísur og presonalia (umslag). | 22 stílahefti. |
| G- 13 | /7 | - | Syrpa frá Vöglum, Hrafnagilshreppi; ýmislegt smálegt, m.a. 5. tbl. 1. árg. (1894), af Unglingnum og tvö smáhefti með ritgerðum og leikriti í tveimur þáttum eftir H., sem heitir Trúlofunarsögurnar. - Ennfremur smágreinar, þýddar og frumsamdar, kvæðahrafl (gamankvæði), ræður, þ.á.m. ræða, haldin í KFUM 18. júní 1911 af Friðriki Friðrikssyni; tvær líkræður yfir Jóhannesi Samúel Kristjánssyni frá Hjálmsstöðum, f. 26 des. 1874, d. 22. ágúst 1916 - báðar höfundarlausar. - Kvæðasyrpa með nafni Kristjáns Árnasonar frá Lóni, ársett 1893 eða 1895, mest úr prentuðum bókum; aftan við eru gamanþættir: Patenthúsmunir, Við Thermopyle (Fyrirlestur sögukennarans) og stuttur leikþáttur, heimilisánægjan, og enn fleira smávegis. | |
| G- 13 | /8 | - | Bréf prófasts til presta og sóknarnefnda 1885. Annálsbrot (veðurfarsannáll) 1786-1799. Ættartala Ingibjargar Davíðsdóttur (slitur). Stólræða eða guðrækileg ritgerð á dönsku. Úr fórum Hallgríms Davíðssonar kaupmanns. | |
| G- 13 | /9 | - | Þjóðsögur skráðar í Eiðaskóla 1936-1937; mestmegnis afrit skólastjóra (Þ.Þ) eftir frumritum nemenda. Afhent af Kristjáni frá Djúpalæk. | |
| G- 13 | /10 | - | Úr fórum Pálma Kristjánssonar kennara. - Kvæði, mestmegnis eftir nafngreinda höfunda, laus blöð. | |

| Kassanr. | | Tímabil | Efni | |
|---|---|---|---|---|
| G- 13 | / 11 | 1818- 1891 | Úr fórum Pálma Kristjánssonar. Almanök (skrifuð) með veðurlýsingum (veðurspám) 1818, 1820 (óheilt), 1825, 1832, 1868, 1869, 1871, 1879. Að auki dagbók (sr. Jakob Björnsson í Saurbæ) 1891, tekur næstum eingöngu til messudaga og húsvitjana. Heft smákver. Ennfremur tvö önnur dagbókarkver óársett. Önnur hönd. Einkum er hér greint frá veðri. | |
| G- 13 | / 12 | - | Úr fórum Pálma Kristjánssonar kennara. Ýmis handrit frá honum, mestmegnis eiginhandrit (minnisgreinar, erindi, þýðingar o.fl.). Sumt af þessu efni a.m.k. virðist ætlað sem efni í sveitarblað. | |
| G- 13 | / 13 | - | Jón Jóhannesson í Hleiðargarði: kveðskapur, mest lausavísur. Ýmiss konar reikningshald innan um. | 11 x 9 cm. ib. 24 blöð. |
| G- 13 | / 14 | - | Ólafur Briem á Grund: Kvæði (Glaður meður góðum vini/ganga fagra morgunstund). | 11 x 8,5 cm. fimm blöð samanheft, falleg fljótaskrift. |
| G- 13 | / 15 | - | Nokkur bænarvers: (1ta tón: Eylíft lífið er æskilegt). Angráður kem ég enn til þín. - (2að tón: Heiðrum vér guð af hug og sál). Haf þú mér Jesú á (sic). (3ja tón: gæzkuríkasti græðari minn). Jésú, mig langar eftir þér - o.s. frv., alls 15 vers með lagboðum. Skýr og falleg hönd. Alls 9 samanheft blöð. | 10 x 8,5 cm. |
| G- 13 | / 16 | - | Slitur úr kveri. Titilblað: Lítil ljóðmæli í einfaldasta máta skrifuð og samsett af honum, sem óskar þeim sigurs, lukku og blessunar, er lesa vilja. Anno domini 1779. Á þessum blöðum eru tveir sálmar heilir, að því er virðist, Sálmur um Jesú nafn. - Ó, Jesú, Jesú, Jesú klár/ó, Jesú dýrðarkóngur hár. (með tón: Faðir vor, sem á etc.), - og | |
| G- 13 | / 17 | - | Bænarsálmurinn um guðs náðarríka forsjón, náð, frið og blessan. - Ó, þú eilífi herra hár, himins og jarðar kóngur klár (með tón: Nú hefst nóttin). - 10 blöð samanheft í kver. | 10 x 17,5 cm. |
| G- 13 | / 18 | - | Útskrift af því bréfi, sem af himnum ofan sent var í Michilborg í Þýskalandi anno 1697. Tíðabögur fyrir árið 1774 (Árin sundrast, dægur dinn/dvína og hristar sporin). Skýringar á kenningum og öðrum myrkyrðum fylgja. | 8 blöð í pappakápu 10 x 8 cm.<br>8 samanheft blöð 10,5 x 8,5 cm. texti á 6 blöðum. |
| G- 13 | / 19 | - | Sjö strengja saltari, sem eru sjöfaldar umþenkingar á sjö dögum vikunnar upp á sjö strengi stilltur. Ortur af G.B.S. (seinni helmingur kversins óskrifaður). | 11,5 x 8,5 cm. |
| G- 13 | / 20 | - | Málsháttakvæði O.E.S. Upphaf inngangs (titilblað vantar). Lærðu á þessa litlu skrá/að lesa pennaförin. Upphaf fyrsta flokks hins eiginlega kvæðis: Gott er að vera varfærinn,/vill þá lukkan stoða,/ætti jafnan endirinn/í upphafinu skoða. | Kver 9,5 x 5,5 cm. 90 bls., skýr skrift. |
| G- 13 | / 21 | - | Ríma af Þorsteini Austfirðing (Hefja bragar hlít ég skrá/hlýði meyjan fríða,... | 11 x 9 cm. 69 vísur í kveri. |
| G- 13 | / 22 | - | Kver merkt Páli Pálssyni í Möðrufelli. Efni: Himinsmerkin (stjörnumerkin), Heimslystirnar (Ó, hvílík eðla kjör), Hestavísur, Gáta (hvör er sá haukur, sem heitir Apaldur), Ljóðabréf ort af Árna Jónssyni á Skútum (Teygir ljóða lítinn vír/lagar glóða hlynur), Skemmtisaga um prest og kerlingu, Mansöngur. Ýmsar hendur. Ath. einnig formannavísur úr Sléttuhlíð í Skagafirði. | 10,5 x 8,5 cm. 16 blöð |
| G- 13 | / 23 | - | Vísur um konurnar í Miklagarðssókn (ótímasett kver). Tvö nöfn er að finna aftast í kverinu: B. Bessason og Jórunn M. Jónsdóttir. | 10,5 x 8,5 cm. 4 blöð |

| Kassanr. | | Tímabil | Efni | |
|---|---|---|---|---|
| G- 13 | /24 | - | Kolbeinseyjarvísur (vantar 7 vísur framan af), endar á vísu 75. | Kver 10,5 x 8,5 cm. Ein hönd, skýr fljótaskrift. |
| G- 13 | /25 | - | Vísnakver. Innan á aftari kápu stendur með krakkahendi: Björn Benjamínsson á Sigtúnum á vísurnar, en á síðunni á móti: Kristín Benjamínsdóttir á vísurnar 1876 - 11. apríl. Efni: Tvö kvæði til K.B.D. eftir S.I.S. hið fyrra tímasett 14. des. 1884. Á milli kvæðanna hefur Björn Benjamínsson párað nokkur ljóðastef, annars ágætlega skrifað. | 9,5 x 8 cm., texti 12 blöð |
| G- 13 | /26 | - | Vefjartafla. Forsögn um uppsetningu vefs og útreikningar í sambandi við hana. Eigandi Sveinn Jónsson. Viðvaningsleg hönd. | Kver 5 blöð, 10,5 x 8,5 cm. |
| G- 13 | /27 | - | Ein ríma, sem kallast Kvennaprís. Helga Jóhannsdóttir kvað. | 8,5 x 5,5 cm. 20 blöð. |
| G- 13 | /28 | - | Griðkuríma. Tvíblöðungur. Smátt skrifað; gæti verið rithönd Gamalíels? sbr. undirskrift hans. Greinilega er önnur hönd á nafni Illuga, sem einnig er ritað undir kvæðið, þó aðeins fornafnið. | |
| G- 13 | /29 | - | Óheilt kver. Efni: Kvæði um Agnesi píslarvott og annað um heilaga Veroniku. (Undir hinu síðarnefnda stendur: Skrifað af O.S.S. og endað á þriðja dag jóla. Aftast er kvæði um afgang þess nafnfræga keisara Friðriks Barbarossa, með lag: Utanlands í einum bý... | 13,5 x 8 cm. 6 blöð |
| G- 13 | /30 | - | Tvíblöðungur. Skýr og falleg skrift. Efni: Sálmur eignaður Hallgrími Péturssyni (Eilífi guð, mitt einkaráð). Aftan við er stakt vers (Lag: Hvar myndi vera hjartað mitt): Réttlætis- skær þinn skrúði mér/skýli, nær deyja á. | |
| G- 13 | /31 | - | Bæn um fyrirgefningu syndanna, styrking trúarinnar, efling þolinmæðinnar og sáluhjálplegan dauða. Óbundið mál. | 6 blöð í kveri, 11 x 8 cm. Góð skrift. |
| G- 13 | /32 | - | Tvö kvæðabrot í kveri, trosnuðu, og vantar bæði framan og aftan á. Hið fyrra um einhvern Simphorianus, hið síðara Kvæði um þá kvinnu Veronyca og útþýðing á draumi kvinnu Pylati og aðra tilburði. Milli kvæðanna er eitt einstakt vers (tón: Jesús gekk inn í gras[garðinn]). Ó, þú ljúfasti lausnarinn/lífs meðan varir hérvist enn. | 6 blöð í kveri, 13,5 x 8 cm. |
| G- 13 | /33 | - | Lítil blokk, hér og hvar eru skrifuð í hana nöfn bæja og manna. Efni: Ýmsar tegundir skrifleturs, forskriftir og nöfn á tegundum. Ennfremur: um tannlag á hestum, Þórnaldarþula, Um pólíhæðir, sem kenndar eru á Íslandi, hafursgrið, Um smíðar, a) að silfurkveikja, b) að tilbúa silfurslaglóð, c) að silfur verði hellt (sic) í steypingunni, d) silfur mjúkt að gjöra, e) gljávax, f) hvítan kopar að gjöra. - Fljótaskrift, fremur smá. Á öðru spjaldi blokkarinnar stendur: Um einar og aðrar smíðar, párað af Jóni Einarssyni. | 8,5 x 6 cm. |
| G- 13 | /34 | - | Brot af ljóðakveri í skinnkápu, fúið og trosnað. Tíðavísur?. Höfundar E. Jónsson og sr. Þorlákur Þórarinsson. | 17 x 11 cm. |
| G- 13 | /35 | - | Tvíblöðungur. Melónutréð o.fl. smásögur, þýddar. Gullfalleg og skýr skrift. | 20,5 x 17 cm. |
| G- 13 | /36 | - | Blað, hjer skrifast ein Ryma. | |

| Kassanr. | Tímabil | Efni | |
|---|---|---|---|
| G- 119 /1 | 1898 - 1942 | Yfirlitsskýrsla um fóðureyðslu í ær 1899-1929 og 1929-1940, skýrsla um heyafla 1898-1931 og 1932-1942, skýrsla um mjólk og fóður kúnna á Hranastöðum 1898-1931 og 1932-1939, skýrsla um málnyt úr ám 1898-1913, skýrsla um kostnað við heyskap 1913-1934 og 1935 -1939, afurðir búpenings 1913-1916, virðing á dánarbúi Magnúsar Sigurðssonar á Grund. | 2 litlar bækur. |
| G- 119 /2 | 1907 - 1919 | Lækninga og hjúkrunarkostnaður Jóhannesar Jóhannessonar á Hranastöðum í nóv. 1919, fjártökubréf frá J.V. Havsteen, dags. 27.9.1907. | |
| G- 119 /3 | 1905 - 1930 | Innkomin bréf (6 bréf). | |
| G- 119 /4 | 1902 - 1919 | Reikningar Péturs við ýmsar verslanir: Aalgaards-tóvélar Akureyrardeild 1902-1903, Gudmanns Efterfl. 1904,1906, Carl Höepfner 1907, J.V. Havsteen 1905, Kaupfélag Eyfirðinga 1906, 1908, 1914, M. Sigurðsson Grund 1914, 1919, Sigtryggur Jónsson 1906, 1908, Sigurður Sigurðsson 1905-1907, St. Sigurðsson og E. Gunnarsson 1905-1907. | |
| G- 119 /5 | 1865 - 1942 | Skjöl varðandi Hranastaði: Byggingabréf Jóhannesar Jónssonar fyrir Hranastöðum dags. 24. apríl 1865, afsal fyrir Hranastöðum dags. 6. ágúst 1923 undirritað af Sigurði Eggerz (til P.Ó), veðskuldabréf við Kirkjujarðasjóð dags. 6. ágúst 1923 ásamt auglýsingabréfi dags. 2. sept. 1942. | |
| G- 119 /6 | 1907 - 1947 | Skjöl varðandi dannebrogs- og fálkaorðu. | |